

Tækniskólinn 8.3.2022

Minnisblað um framkvæmd nýrra smáskipanámskeiða

Tildrög breytinga náms:

Tildrög þessara breytinga komu til vegna þrýstings hagsmunaaðila smábátæiganda og fiskeldisfyrirtækja um leyfi til að sigla og stýra stærri skipum en 12 metra meðal annars vegna þess að bátar sem notaðir eru í kringum kvíaelði eru flestir stærri en það.

Ástæðan fyrir lengingu náms og auknum kröfum um þekkingu er tilkominn vegna þess að þegar réttindi eru veitt á skip yfir 12 metra lengd þarf ma. að taka tillit til alþjóða reglna FAO/ILO/IMO Document for Guidance on Traing and Certifcation of Fishing Vessel Personnel.

Námskráin var unnin 2020 af Tækniskólanum í samvinnu við Samgöngustofu og var reynt að gæta hófs í kröfum og námslengd en alþjóðareglugerðum þó fylgt að fremsta megni, og öryggi sjómanna haft í fyrirrúmi.

Námskrár

Gefnar hafa verið út vottaðar námskrár í fullorðinsfræðslugrunni Menntamálastofnunar eftir staðfestingu stjórnvalda (Samgöngustofu) fyrir eftirfarandi námskeið. Þau koma í staðinn fyrir bæði eldri gerðir námskeiða sem þurft hefur til að afla réttinda á þessu sviði.

Námið

Smáskip - skipstjórn <15m: Námskeiðið samsvarar 18 eininga námi í framhaldsskóla (rúmlega hálfri önn). Því má gera ráð fyrir að um 360 klst. fari í námið hjá nemanda samkvæmt viðmiði fyrir framhaldsskólanemendur (en eitthvað styttri fyrir eldri nemendur). Þar af eru um 3 dagar í verklegri þjálfun og prófi í siglingahermi og 2 dagar í siglingatækjum, og 2 dagar í verklegri þjálfun og prófi í fjarskiptum (ROC) og 1 dagur í verklegri þjálfun og prófi í viðhaldi og umhirðu vélbúnaðar. Kennslumagn (staðnir tímar) hvers áfanga fyrir utan staðlotur eru á ábyrgð kennarans og þeim kennsluaðferðum sem hann notar, en við í Tækniskólanum bjóðum upp á daglegar kennslustundir á Teams í mismunandi fögum yfir u.þ.b. 5 vikna tímabil. Allar þessar kennslustundir eru teknar upp á vistaðar á kennsluvef nemenda.

Við leggjum áherslu á námsmat í öllum 14 námsþáttum en okkur skilst að svo sé ekki hjá öllum sem hafa verið að kenna námið.

<https://namskra.is/curricula/67d4b1f6-11b2-414d-a9d1-8e9aec9b3c42>

Smáskip - skipstjórn 12-15m aukning: Námskeiðið samsvarar 7 eininga námi í framhaldsskóla (um fjórðungur úr önn). Því má gera ráð fyrir að um 140 klst fari í námið samkvæmt viðmiði fyrir framhaldsskólanemendur (og eitthvað styttri fyrir eldri nemendur). Þar af eru um 3 dagar í verklegri þjálfun og prófi í siglingahermi, um 2 dagar í verklegri þjálfun og prófi í fjarskiptum (ROC) og um 1 dagur í verklegri þjálfun og prófi í viðhaldi og umhirðu vélbúnaðar í skipum.

Kennsla í þessu námskeið er í samræmi við 15 metra námskeiðið sem er lýst hér að ofan.

<https://namskra.is/curricula/6ec1149c-1d04-44d0-932a-b6a61567141f>

Kennsluréttindi og búnaður:

Rétt er að taka fram að krafa er gerð um skipstjórnar- og kennsluréttindi kennara á þessu námskeiði og þurfa þeir skólar sem ekki uppfylla þau skilyrði að sækja um undanþágu.

Kröfur um búnað eru skýrar í námskrá og uppfyllir Tækniskólinn þær kröfur og sem kjarnaskóli sinnum við kennslu í þeim fögum fyrir aðra fræðslustofnanir. Unnið er að því að flytja eins mikið af náminu og unnt í heimabyggð hveðrar fræðslustofnunar til að gera námið umhverfisvænna og aðgengilegra.

Raunfærnimat:

Ef nemandi með 12 metra réttindanámi sækist eftir uppfærslu í 15 metra þá fær hann nám sitt að full metið eins og fram kemur hér að ofan. Þar að auki býður Viska í Vestmannaeyjum upp á raunfærnimat í skipstjórnargreinum.

Erlend Tungumál:

Tryggja þarf ef námið á að fara fram á erlendum tungumálum að viðkomandi kennarar hafi tilskilin skipstjórnar- og kennsluréttindi og að gæði námsins verði uppfyllt og námskrá fylgt.

Víglundur Laxdal Sverrisson

Vilbergur Magni Óskarsson

Ragnhildur Guðjónsdóttir